



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 136/1147
komudagur 10.3.2009

Reykjavík 9. mars 2009
Tilv. FLE 8-2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 244 mál.


Með vefpósti dags. 5. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar
FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við
frumvarpið.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Athugasemdir Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókhald, nr 145/1994, með síðari breytingum, 244 mál.

Álitsnefnd FLE_hefur tekið ofangreint mál fyrir og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins:

4 grein

Nefndin telur ekki rétt að setja í 3. mgr. ákvæði um hvað koma skal fram í áritun endurskoðenda enda eru skýr ákvæði um það í lögum um endurskoðendur. Með því að telja hér upp sérstaklega hluta af því sem í áritun skal koma fram er hættu á að ákvæði um áritun verði ekki með sama hætti í þessum lögum og lögum um endurskoðendur. Hér ætti að nægja að eftirfarandi komi fram:

Áritun endurskoðanda skal vera í samræmi við það sem fram kemur í lögum um endurskoðendur nr 79/2008.

6 grein

Fyrsta málsgrein „ Ef endurskoðandi telur að nauðsynlegt ...“ er tvítekning á því sem kemur fram í 4 grein og má því falla niður að málsliðnum „ Áritun endurskoðanda telst hluti ...“

7 grein

Yfirskrift greinarinnar breytist úr „skoðunarmenn“ og verði „Gerð ársreiknings og skoðunarmenn“. Ástæða þessa er sú að í fyrstu málsgrein er fjallað um þá fagaðila sem taka að sér gerð ársreiknings fyrir fyrirtæki en í seinni málsgreinunum tveimur er fjallað um skoðunarmenn, þ.e. þá aðila sem félagsmenn kjósa sem trúnaðarmann sinn gagnvart stjórn.

Reykjavík 9 mars 2009

Fyrir hönd Álitsnefndar FLE

Sigurður B. Arnþórsson

Framkvæmdastjóri FLE